

HV 2020-14
ISSN 2298-9137



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Vöktun laxastofna á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 2019

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson

REYKJAVÍK MARS 2020

Vöktun laxastofna á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 2019

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson

Skýrsla er unnin fyrir Veiðifélag Norðurár

Upplýsingablað

Titill: Vöktun laxastofna á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 2019		
Höfundur: Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson		
Skýrsla nr: HV 2020-14	Verkefnisstjóri: Ásta Kristín Guðmundsdóttir	Verknúmer: 8965
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 25	Útgáfudagur: 30. mars 2020
Unnið fyrir: Veiðifélag Norðurár	Dreifing: Opið	Yfirfarið af: Fjóla Rut Svavarsdóttir
Ágrip <i>Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. Vöktun laxastofna á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 2019 HV 2020-14.</i> Í Norðurá árið 2019 veiddust 577 laxar á stöng og var veiðin 32,6% af meðalveiði tímabilsins 1984 – 2018. Auk laxins veiddust 125 urriðar og ein bleikja. Hluttur stórlaxa í veiðinni var tæpur þriðjungur (30,8%) og nam hlutdeild sleppinga (veiða/sleppa) á stórlaxi 83,1% en tæplega helmingi heildarveiðinnar var sleppt eða 49,2%. Meðalþyngd smálaxa var 2,2 kg og stórlaxa 5,1 kg. Veiðin fór mjög hægt af stað og um miðjan júlí var einungis búið að veiða 19,8% veiðinnar. Nettóganga laxa um teljarann í Glanna í Norðurá var 716 fiskar, 31,3% af meðalgöngu tímabilisins 2002 – 2019 og stærð silungagöngunnar var 623 fiskar, sú mesta á tímabilinu eða þrefalt langtímameðaltalið. Veiðihlutfall á laxi ofan Glanna var lítillega undir meðaltali tímabilsins 2002 – 2019 eða 31,8% og skiptist þannig að veiðihlutfall á smálaxi var 31,5% og 32,6% á stórlaxi. Heildarhrognafjöldi á vatnasvæði Norðurár ofan Glanna var sá minnsti á tímabilinu 2011 – 2019 eða 1,89 milljónir hrogn, þ.e. 1,12 hrogn á hvern m² af botnfleti árinna. Hlutfall stórlaxahrognar af heildarhrognafjöldanum var 65,3% og skiptir þar miklu máli hve háu hlutfalli veiðinnar, einkum stórlaxi, er sleppt í veiðinni. Hreistursýni voru rannsökuð af 9,2% laxveiðinnar og var ferskvatnsdvöl laxa 3,1 ár að meðaltali. Veiðin var rakin til fjögurra klakárganga, 2013 – 2016, en að mestu til árganga 2014 og 2015 eða 82,9%. Vöxtur unglaxa í hafi árið 2018 (smálaxar í veiðinni 2019) var 7,9% undir meðaltali vaxtarmælinga á hreistri í Norðurá á tímabilinu 1988 – 2019. Í seiðamælingum veiddust 986 laxaseiði af fjórum aldurshópum (0+,1+,2+,3+), 75 urriðaseiði af fimm aldurshópum (0+,1+,2+,3+,6+) og eitt hornsíli. Meðallengd sumargamalla (0+) laxaseiða var 3,7 cm, lítillega yfir langtímameðaltali (1988 – 2019), en eldri aldurshópar voru í öllum tilfellum undir langtímameðaltali tímabilsins. Samanlögð seiðavísitala laxaseiða á vatnasvæði Norðurár 2019 var 48,1/100 m² eða 71,2% yfir meðaltali tímabilsins 1988 – 2019. Aldurshópar laxaseiða voru með holdastuðulinn (K) á bilinu 1,07 – 1,1 og urriðaseiði yfir 1,1. Veðráttan á Vesturlandi sumarið 2019 einkenndist af hlýindum og þurrki sem sýndi sig m.a. í háum vatnshita og lágu vatnsrennsli. Jákvætt hitafrávik frá meðaltali vatnshita (2012 – 2019) í Norðurá		

mældist alla mánuði tímabilsins apríl – ágúst 2019, mest 2,06°C í maí og 1,85°C í júlí. Í Norðurá mældist samfelldur lágrennsliskafli (rennsli undir 3,5 m³/s) í um 80 daga, frá byrjun júní og fram undir lok ágúst mánaðar, með lággildi um 1,5 m³/s. Í lok ágúst tók rennslið að aukast á nýjan leik og náði hámarki 21. september með 279 m³/s.

Þrátt fyrir óhagstæða veðráttu 2019 og lítinn hrygningarstofn á síðastliðnu hausti sýna seiðamælingar að seiðapéttleiki árinna er almennt hár og uppvaxandi árgangar sterkir. Það er því ekki annað að sjá en það veiðifyrirkomulag sem viðhaft er í Norðurá sé innan þeirra marka sem talist getur sjálfbært.

Lykilorð: Laxveiði, lax, silungur, urriði, fisktalning, vatnsrennsli, þurrkar, hrygningarganga, seiðavísitala, klakárgangur

Undirskrift verkefnisstjóra:

Asla K. Guðmundsd.

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Guðni Guðbjörgsson

Efnisyfirlit	Bls.
Inngangur	1
Aðferðir	2
Niðurstöður	4
Stangveiði	4
Fiskteljari og veiðihlutfall	4
Hrognafjöldi	5
Hreistur	5
Seiðarannsóknir	5
Vatnshiti og rennsli	6
Umræður	6
Þakkir	9
Heimildaskrá	10
Ítarefni	11
Töflur	12
Myndir	16
Viðauki	23

Töfluskrá

Tafla 1. Stangveiði á vatnasvæði Norðurár árið 2019. Afli er tiltekinn og hlutfall fiska sem sleppt var aftur (veiða og sleppa)	12
Tafla 2. Laxveiði á stöng á vatnasvæði Norðurár 2019. Reiknuð er meðalþyngd eftir kyni og sjávaraldri.	12
Tafla 3. Nettó ganga laxfiska um fiskteljarann í Glanna í Norðurá 2019, sundurliðuð eftir mánuðum.	12
Tafla 4. Hrognafjöldi á vatnasvæði Norðurár ofan teljarans í Glanna frá 2011 - 2019. Hliðarár meðtaldar að Hellisá undanskilinni.	12
Tafla 5. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa á sinni fyrstu hrygningargöngu samkvæmt aldursgreiningum á hreistursýnum úr stangaveiði á vatnasvæði Norðurár 2019 (Hæ=hængar, Hr=hrygnur, Óþ =kyn ekki skráð).	13
Tafla 6. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa sem áður hafa hrygnt samkvæmt aldursgreiningum á hreistursýnum úr stangaveiði á vatnasvæði Norðurár 2019 (Hæ=hængar, Hr=hrygnur, Óþ =kyn ekki skráð).	13
Tafla 7. Fjöldi, ferskvatnsaldur og bakreiknuð lengd (cm) laxa (1. hrygningarganga) í hreistursýnum úr laxveiðinni á vatnasvæði Norðurár 2019.	13
Tafla 8. Reiknaður fjöldi laxa eftir klakárgöngum og sjávaraldri í laxveiðinni á vatnasvæði Norðurár 2019.	13
Tafla 9. Meðallengd (cm) aldurshópa laxaseiða og hornsíla á vatnasvæði Norðurár þann 6. – 8. ágúst 2019. Fjöldi (N) og staðalfrávik (SD) er sýnt.	14
Tafla 10. Meðallengd (cm) aldurshópa urriðaseiða á vatnasvæði Norðurár þann 6. – 8. ágúst 2019. Fjöldi (N) og staðalfrávik (SD) er sýnt.	14
Tafla 11. Vísitala seiðapétteleika (fjöldi í einni umferð á 100 m ²) lax og urriða eftir rafveiðistöðvum og aldurshópum í Norðurá 6. – 8. ágúst 2019.	15
Tafla 12. Holdastuðull (K) laxa- og urriðaseiða eftir aldurshópum í Norðurá 6. – 8. ágúst 2019.	15

Myndaskrá

1. mynd. Vatnakerfi Norðurár í Borgarfirði. Fram koma númer og staðsetning rafveiðistöðva í seiðamælingum auk helstu örnefna.....	16
2. mynd. Laxveiði á stöng á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði árin 1984 – 2019. Meðaltal nær yfir tímabilið 1984 – 2018.....	17
3. mynd. Hlutdeild smálax/stórlax í laxveiðinni í Norðurá 1984 – 2019.	17
4. mynd. Hlutdeild veiða/sleppa af heildarlaxveiðinni í Norðurá 1984 – 2019. Afli er landaður fiskur.	18
5. mynd. Samanlögð laxveiði í viku hverri á vatnasvæði Norðurár 2019.....	18
6. mynd. Dagleg ganga (nettó) laxfiska um teljarann í Glanna ásamt vatnshita í Norðurá árið 2019. .	18
7. mynd. Ganga laxfiska um teljarann í Glanna í Norðurá frá 2002 – 2019. Meðaltal laxagöngunnar er sýnd fyrir tímabilið 2002 – 2018.....	19
8. mynd. Veiðihlutfall á laxi ofan teljarans í Glanna í Norðurá frá 2002 – 2019.	19
9. mynd. T.v. Reiknaður hrognafjöldi á flatareiningu (m^2) ofan teljarans í Glanna í Norðurá frá 2011 – 2019. T.h.: Hlutdeild sjávarárganga í hrygningarstofni (í hrognum talið) ofan teljarans í Glanna í Norðurá frá 2011 – 2019.	20
10. mynd. Bakreiknaður sjávarvöxtur (cm) unglaxa á fyrsta ári í sjó úr hreisturrannsóknnum úr laxveiðinni í Norðurá í Borgarfirði frá 1988 – 2019. Lárétt lína sýnir meðaltal.....	20
11. mynd. Meðallengd (cm) laxaseiða eftir aldurshópum (0+ - 3+) úr seiðarannsóknnum á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði frá 1988 – 2019.....	21
12. mynd. Seiðavísitala ($fj/100 m^2$) aldurshópa (0+ - 3+) laxaseiða á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 1988 – 2019 (st. 4 – 15) auk meðaltalsvísitölu (heil lína) hvers aldurshóps.	21
13. mynd. Frávik vatnshita ($^{\circ}C$) (mánaðarleg meðaltöl) í Norðurá (Glanni) í Borgarfirði frá meðalvatnshita árána 2012 – 2019.....	22
14. mynd. Rennslismælingar Veðurstofu Íslands (m^3/s) við Stekk í Norðurá árið 2019 (Veðurstofa Íslands 2020: Gagnabanki Veðurstofu Íslands, afgreiðsla nr. 2020-01-27/01).	23

Viðaukaskrá

Viðauki 1. GPS staðsetning (WGS 84 dd, dddd $^{\circ}$) rafveiðistöðva í seiðarannsóknnum á vatnasvæði Norðurár árið 2019 auk staðsetningar fiskvegar í fossinum Glanna. ¹⁾ Stöð lögð niður frá og með 2017.....	23
Viðauki 2. Veiðihlutfall á laxi fyrir ofan fiskteljarann í Glanna í Norðurá frá 2002 – 2019. Veiðihlutfallið er sundurliðað eftir sjávaraldri (smálax/stórlax) frá 2011 - 2019.	24
Viðauki 3. Upplýsingar um laxa á endurtekinni hrygningu úr hreisturrannsóknnum úr Norðurá í Borgarfirði árið 2019. Kyn: 1=hængur; 2=hrygna; 0=óþekkt; FA=aldur í ferskvatni; SA= aldur í sjó; G=fjöldi fyrri hrygninga ($1 \times G = 1$ ár í sjó). Aldur (xx:xx) = fjöldi ára í ferskvatni:fjöldi ára í sjó. Stutt sjávardvöl = lax lifir hrygningu af, hopar til sjávar síðla vetrar og snýr samsumars til baka í ána.	24
Viðauki 4. Vísitala seiðapétteleika ($fj/100 m^2$) og meðallengdir (cm) eftir aldurshópum úr seiðarannsóknnum í Norðurá í Borgarfirði frá 1988 - 2019.....	25
Viðauki 5. Mánaðarleg meðaltöl vatnshita í Gljúfurá í Borgarfirði frá 2012 – 2019, auk meðaltals og max og min fyrir allt tímabilið.	25

Inngangur

Norðurá í Borgarfirði á upptök sín í Holtavörðuvatni á Holtavörðuheidi og rennur áin um 60 km leið niður Norðurárdal og sameinast Hvítá um 5,6 km frá sjó. Norðurá er í hópi bestu laxveiðiaá á Íslandi með 1.771 laxa meðalveiði (1984 – 2018) (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2019). Tveir fiskvegir eru í Norðurá, sá neðri í Laxfossi, rúmum 16 km ofan ármóta við Hvítá, og sá efri tæplega þremur km ofar, í fossinum Glanna (1. mynd). Bæði Laxfoss og Glanni voru tímabundnar hindranir fyrir uppgöngu laxa. Fyrst var reynt að lagfæra fossana með sprengingum, Laxfoss árið 1930 og Glanna árið 1932, en núverandi fiskvegir eru báðir steinsteyptir raufarstigar frá 1993 (Laxfoss) og 1985 (Glanni) (Þór Guðjónsson, 2004). Vatnasvið árinna er um 518 km² (Sigurjón Rist, 1990) en auk Norðurár eru margar hliðarár sem nýtast laxastofninum einnig til hrygningar og seiðaupveldis (1. mynd).

Skýrsluhald um veiðinýtingu er einn af mikilvægustu þáttum í vöktunarrannsóknum á laxastofnum (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2019). Veiðinýting á vatnasvæði Norðurár hefur verið skráð frá því um 1950 og hafa samfelldar rannsóknir farið fram á fiskistofnum árinna frá árinu 1988. Útbreiðsla laxfiska innan vatnasvæðisins hefur verið kortlögð auk þess sem þéttleiki og vaxtarskilyrði seiða hafa einnig verið metin með árlegri vöktun frá 1988 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2019). Lax er ríkjandi fisktegund í Norðurá, en einnig er nokkuð um staðbundinn urriða efst í ánni, neðan Holtavörðuvatns og sjógenginn urriða (sjóbirting) á neðri hluta árinna, ofan við ármót Hvítár. Hreistursýni úr stangveiðinni hafa verið greind frá 1988 og gefa þær rannsóknir upplýsingar um lífssögulega þætti laxastofnsins, s.s. aldur og vöxt bæði á seiðastigi og í sjó (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2019). Frá árinu 2002 hefur fiskteljari verið starfræktur í fossinum Glanna í Norðurá (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2019) og á árunum 2004 og 2005 var botnagerð á fiskgengum hluta árinna og hliðaráa hennar metin (Friðþjófur Árnason og Sigurður Már Einarsson, 2009). Fjöldi hroga sem hrygnt var í allar ár á fiskgengum hluta vatnasvæðisins var í fyrsta sinn reiknaður árið 2016, þá fyrir hvert ár á tímabilinu 1968 - 2016 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2016). Hrognafjöldi ofan fiskteljarans í Glanna í Norðurá hefur verið reiknaður fyrir tímabilið 2011 – 2018 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2019). Skýrslur sem gefnar hafa verið út vegna reglubundinna fiskirannsókna á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði eru mun fleiri en hér er vitnað til og koma fram sem ítarefni aftan við heimildaskrá.

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum fiskirannsókna á vatnasvæði Norðurár árið 2019. Um er að ræða greiningu á stangveiðinni í ánni, niðurstöður fisktalningar í teljaranum í Glanna, útreikning á veiðihlutfalli og fjölda hroga í hrygningarstofni. Greint er frá

niðurstöðum hreisturrannsókna auk þéttleikavísitalna og meðallengd seiða úr seiðamælingum. Jafnframt er greint frá vatnshitagögnum og rennslismælingum í Norðurá.

Aðferðir

Upplýsingar um stangveiðina í Norðurá sumarið 2019 voru skráðar í rafræna veiðibók, Skrinuna, sem er veiðigagnagrunnur Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Í veiðibókinni eru upplýsingar um tegund fiska, kyn, lengd og þyngd, hvort fiski var landað (afli) eða sleppt og með hvaða agni veitt var. Við úrvinnslu veiðigagna er hlutdeild afla og slepptra fiska reiknuð auk þess sem veiddum laxi er skipt niður eftir kyni og sjávaraldri auk þess sem meðalþyngd hvers flokkst er reiknuð og fyrir veiðina í heild. Miðað er við að mörkin á milli smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó) séu skilgreind þannig að hrygnur 3,5 kg og þyngri og hængar 4,0 kg og þyngri hafi náð tveggja ára sjávaraldri (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2019). Laxveiði ársins var tekin saman eftir vikum, langtímagögn um þróun stangveiðinnar á svæðinu voru skoðuð og veiði ársins 2019 var borin saman við meðalveiði tímabilsins 1984 – 2018.

Þann 21. maí 2019 var fiskteljara (Árvaki Daily) komið fyrir í fiskveginum í Glanna í Norðurá og hann starfræktur til 16. október (1. og 5. mynd). Teljarinn er af gerðinni Árvaki og nemur búnaðurinn fiska, sem synda í gegn um teljarann, með innrauðu ljósi og skráir breidd (hæð) fisksins. Góð tengsl eru á milli hæðar og lengdar (hæðar/lengdarstuðull) laxfiska og var stuðullinn 6,1, notaður til að reikna út lengd fiskanna út frá teljaraskráningunni. Við úrvinnslu gagna voru skuggamyndir fiskanna yfirfarnar til að aðgreina myndir af fiskum frá myndum af rusli og öðrum truflunum sem teljarinn greinir og skráir sem fiska. Jafnframt eru lengdarmörk ákveðin fyrir skiptingu göngunnar í silung, smálax og stórlax og til þess er lengdar- og þyngdardreifing úr veiðiskráningu ársins höfð til hliðsjónar. Lengdarmörkin voru ákvörðuð þannig að fiskur 43 cm og smærri var skráður sem silungur, smálax var áætlaður á bilinu 44 – 69 cm og stórlax 70 cm eða lengri. Lengd silungs og smálax skarast oft á tíðum á þann hátt að silungur nær oft upp fyrir neðri lengdarmörk smálaxa. Þessi skörun getur skapað ónákvæmni í greiningu og talningu fiska eftir tegundum og haft mögulega áhrif á niðurstöður um tærð göngunnar og þar með reiknað veiðihlutfall. Í umfjöllun um stærð göngunnar um teljarann er miðað við nettó fjölda fiska, þ. e. fjölda talinna fiska upp fyrir teljarann að frádregnum þeim fjölda fiska sem gekk niður um teljarann.

Hreistri var safnað úr stangveiðinni í Norðurá árið 2019 og hefur aðferðum við sýnatöku og úrvinnslu gagna áður verið ítarlega lýst (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2012; 2018). Gert var ráð fyrir línulegu sambandi hreisturlengdar og fisklengdar.

Þetta samband má til að mynda nýta til að bakreikna sjávarvöxt unglaxa (smálaxar í veiðinni árið eftir), þ.e. lengd hreisturs eftir einn vetur í sjó að frádreginni lengd hreisturs við lok ferskvatnsdvalar. Vöxtur smálaxa (unglaxar 2018) í veiðinni í Norðurá 2019 var borinn saman við langtímaniðurstöður úr fyrri hreisturmælingum (1988 – 2019). Niðurstöður aldursgreininga á hreistri voru uppreiknaðar hlutfallslega fyrir alla veiðina og gert var ráð fyrir að hreistursýnin endurspegli aldursdreifingu í stofninum. Tillit var tekið til lengdar- og þyngdardreifingar laxa með endurtekna hrygningu. Algengt er að laxar á annarri hrygningargöngu séu af smálaxastærð (1 ár í sjó) þrátt fyrir að vera réttilega tveggja ára eða eldri úr sjó. Þegar rekja á veiðina til klakárganga er mikilvægt að leiðrétta fyrir þessu svo aldur fiskanna verði réttur. Er það gert með því að finna hlutfall laxa á endurtekinni hrygningu í smálaxastærð af heildar fjölda smálaxa í veiði og uppfæra þann fjölda á niðurstöður hreisturrannsókna.

Hrognafjöldi úr hrygningu laxa á efra svæði Norðurár, ofan fiskteljarans í Glanna, var reiknaður fyrir tímabilið 2011 – 2019, út frá sambandi hrognafjölda og þyngdar hjá smálaxi og stórlaxi (Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson, 2002). Aðferðum við útreikninga á hrognafjölda var ítarlega lýst í fyrri skýrslu (Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2018).

Seiðarannsóknir voru gerðar á stöðvum nr. 2 - 15 (1. mynd; viðauki 1) á vatnasvæði Norðurár í Borgarfirði 6. – 8. ágúst 2019. Rafveitt var á níu stöðvum í Norðurá (nr. 2 - 10), tveimur í Sanddalsá (nr. 11 og 12), einni í Mjóadalsá (nr. 13) og tveimur í Bjarnadalsá (nr. 14 og 15). Allar þessar stöðvar hafa verið rannsakaðar árlega um langt skeið. Þegar seiðavísitölur eru bornar saman við langtímagögn er stuðst við meðaltöl stöðva 4 – 15, til að viðhalda samræmi við eldri útreikninga. Rafveiðistöð nr. 16 í Bjarnadalsá (1. mynd), sem jafnframt hefur verið hluti af reglubundnum seiðamælingum á vatnasvæðinu, var lögð niður árið 2017, þar sem svæðið á stórum kafla hafði verið raskað. Farin var ein rafveiðiyfirferð á hverri stöð, seiðin svæfð, lengdar- og þyngdarmæld, auk þess sem kvarnir og hreistur voru tekin af nokkrum seiðum til aldursákvörðunar. Meðallengd hvers aldurshóps var reiknuð, á hverri stöð og fyrir svæðið í heild. Vísitala seiðapétteleika (fjöldi veiddra seiða í einni yfirferð í rafveiði á hverja 100 m² af botnfleti árinna) var reiknuð fyrir alla aldurshópa seiða á hverri stöð og sem meðaltal stöðva. Bæði meðallengd og seiðavísitala voru borin saman við langtímameðaltöl seiðarannsókna á svæðinu. Holdastuðull (K) ($\text{Holdastuðull} = \text{þyngd}/\text{lengd}^3 \cdot 100$) (Bagenal og Tesch, 1978) segir til um hversu vel seiðin eru á sig komin og var hann reiknaður fyrir laxaseiði á hverri stöð. Holdastuðull nærri 1,0 lýsir seiðum í meðalholdum.

Vatnshiti er alla jafna skráður í Glanna í Norðurá (64,75387°N, -21,54617, WGS 84) (viðauki 1) með síritandi hitamæli af gerðinni DST centi-T og mælt var á einnar klst. fresti. Gögnum var tappað af hitamælinum 26. maí 2019 en vegna vatnavaxta um haustið reyndist ekki unnt að

nálgast hitagögn sumarsins. Því er í þessari skýrslu stuðst við vatnshitamælingar sumarsins er skráðar voru í búnað Árvaka fiskteljarans. Reiknaður var meðalhiti hvers mánaðar ársins og meðalhiti á mánuði tímabilið 2012 – 2019. Frávik vatnshita hvers mánaðar (2019) frá meðaltali tímabilsins (2012 – 2019) var reiknað.

Niðurstöður mælinga á vatnsrennsli við Stekk í Norðurá sumarið 2019 voru teknar saman (Veðurstofa Íslands, 2020).

Niðurstöður

Stangveiði

Laxveiði í Norðurá í Borgarfirði árið 2019 taldi 577 laxa, þ.e. 399 smálaxa og 178 stórlaxa (tafla 1; tafla 2) og var 32,6% af meðalveiði (1.771) tímabilsins 1984 – 2018 (2. mynd). Hluttur stórlaxa í veiðinni var tæpur þriðjungur (30,8%) (3. mynd; tafla 2) og var 83,1% þeirra sleppt aftur en 34,1% smálaxaveiðinnar var sleppt (tafla 1), samtals 49,2% af heildarveiðinni (4. mynd). Smálaxar vógu 2,2 kg að meðaltali og var um þriðjungur þeirra hrygnur (34,4%) (tafla 2). Stórlaxar voru að meirihluta hrygnur (73,6%) og vógu 5,1 kg að meðaltali (tafla 2). Auk lax veiddust 125 urriðar í Norðurá og ein bleikja (tafla 1).

Meðalveiði á viku í Norðurá árið 2019 var aðeins 39 laxar og fór laxveiðin mjög hægt af stað (5. mynd). Um miðjan júlí höfðu einungis 114 laxar veiðst í ánni og hæst fór vikuveiðin í 93 laxa um mánaðamótin ágúst/september (5. mynd).

Fiskteljari og veiðihlutfall

Nettóganga laxa um teljarann í Glanna í Norðurá var 716 fiskar (501 smálax og 215 stórlaxar) og 623 silungar (6. mynd; tafla 3). Stærð göngunnar var einungis 31,3% af meðalgöngu (2.288) tímabilsins 2002 – 2018, sú minnsta frá því talningar hófust (7. mynd; viðauki 2). Mesta ganga laxa í einstaka mánuði var í júlí (47,5%) og í lok ágúst hafði 88,7% gengið upp fyrir Glanna (tafla 3). Nettóganga silunga um teljarann var 623 fiskar (6. mynd; tafla 3). Mesta ganga silunga í einstaka mánuði var í júní (45,4%) en töluverður fjöldi hafði þegar gengið í maí (15,7%). Í lok ágúst hafði 93,4% silungagöngunnar farið um teljarann í Glanna.

Ofan Glanna veiddust 228 laxar sem skiptust í 158 smálaxa og 70 stórlaxa (viðauki 2). Veiðihlutfall á laxi var 31,8% eða lítilsháttar undir meðaltali tímabilsins 2002 – 2019 (32,0%) (8. mynd; viðauki 2). Það skiptist þannig að veiðihlutfall á smálaxi var 31,5% og 32,6% á stórlaxi (viðauki 2).

Hrognafjöldi

Heildarhrognafjöldi á vatnasvæði Norðurár ofan Glanna var sá minnsti sem reiknaður hefur verið á tímabilinu 2011 – 2019 eða 1,89 milljónir hroгна (tafla 4), tæplega helmingi minni en meðalhrognamagn (3,7 millj) á tímabilinu. Fjöldi hroгна á hvern fermetra botnflatar árinna var 1,12 hrogn/m² og hefur ekki áður mælst minni (tafla 4; 9. mynd). Hlutfall stórlaxahroгна af heildarhrognafjöldanum var 65,3% en meðaltals hlutdeild stórlaxahroгна á tímabilinu var 39,1%.

Hreistur

Rannsókuð voru 53 hreistursýni úr laxveiðinni í Norðurá 2019 (tafla 5; tafla 6) eða af 9,2% veiðinnar. Stærstur hlutinn eða 44 sýni voru af löxum á sinni fyrstu hrygningargöngu (tafla 5) en 9 sýni (17,0%) voru af löxum á endurtekinni hrygningu, þar af var einn á sinni þriðju hrygningargöngu (tafla 6; viðauki 3). Ferskvatnsdöl laxa fyrir útgöngu var 2 – 5 ár eða 3,1 ár að meðaltali (tafla 7). Veiðina mátti rekja til fjögurra klakárganga, 2013 – 2016 (tafla 8). Stærsta hlutdeild í veiðinni mátti rekja til klaks ársins 2014 eða 43,2% en næst á eftir kom klak ársins 2015 með 39,7% hlutdeild, samanlagt 82,9% (tafla 8). Vöxtur unglaxa í hafi árið 2018 (smálaxar 2019) var 31,6 cm (tafla 7), þ.e. 7,9% undir meðaltali (34,1 cm) vaxtarmælinga í Norðurá á tímabilinu 1988 – 2019 (10. mynd). Sjávarvöxtur smálaxa sem skilurðu sér inni í veiðina 2019 var sá fimmti lakasti frá upphafi mælinga (10. mynd).

Seiðarannsóknir

Í seiðamælingum í Norðurá 2019 veiddust 986 laxaseiði af fjórum aldurshópum (tafla 9) og 75 urriðaseiði af fimm aldurshópum (tafla 10) og eitt hornsíli (tafla 9). Meðallengd sumargamalla (0+) laxaseiða var 3,7 cm, lítillega yfir langtímameðaltali (1988 – 2019) (11. mynd; viðauki 4). Eldri aldurshópar voru í öllum tilfellum undir langtímameðaltali og var meðallengd seiða á öðru ári (1+) 5,6 cm, seiða á þriðja ári (2+) 8,1 cm og seiða á fjórða ári (3+) 10,2 cm (tafla 9; 11. mynd; viðauki 4). Sumargömul (0+) urriðaseiði voru 4,2 cm að meðaltali, seiði á öðru ári (1+) 6,6 cm, seiði á þriðja ári (2+) 10,6 cm, seiði á fjórða ári (3+) 12,5 cm og seiði á sjöunda ári (6+) 31,5 cm (tafla 10).

Samanlögð seiðavísitala laxaseiða á vatnasvæði Norðurár 2019 var 48,1/100 m² (tafla 11) en meðaltal tímabilsins 1988 – 2019 var 28,1/100 m² (viðauki 4). Hlutur sumargamalla (0+) seiða í mælingunum 2019 var 18,8/100 m², seiða á öðru ári (1+) 15,5/100 m², seiða á þriðja ári (2+) 11,8/100 m² og seiða á fjórða ári (3+) 1,9/100 m² (tafla 11). Vísitala tveggja yngstu aldurshópanna (0+ og 1+) lækkaði talsvert á milli ára en var engu að síður langt yfir langtímameðaltali (12. mynd; viðauki 4), þ.e. vísitala sumargamalla (0+) og tveggja ára (2+)

seiða var um tvöfalt hærri en langtímameðaltalið og eins árs (1+) seiðin voru tæplega 38% yfir langtímameðaltali (viðauki 4).

Allir aldurshópar laxaseiða voru með holdastuðul (K) á bilinu 1,07 – 1,1 og aldurshópar þeirra urriðaseiða sem uppfylltu marktækan fjölda í mælingum voru með holdastuðul (K) yfir 1,1 (tafla 12).

Vatnshiti og rennsli

Jákvætt hitafrávik frá meðaltali (2012 – 2019) mældist alla mánuði tímabilsins apríl – ágúst 2019, mest 2,06°C í maí og 1,85°C í júlí (13. mynd). Meðalvatnshiti hvers mánaðar, apríl – júlí 2019, var ýmist hæstur eða með þeim hæstu yfir tímabilið 2012 – 2019 (viðauki 5). Til að mynda var meðalvatnshiti í maí 7,51°C, í júní 10,85°C og í júlí 13,06°C (viðauki 5). Meðalvatnshiti á dag í ágúst var 10,56°C, lítillaga yfir langtímameðaltali (viðauki 5).

Í Norðurá mældist samfelldur lágrennsliskafli (rennsli undir 3,5 m³/s) í um 80 daga, frá byrjun júní og fram undir lok ágúst mánaðar, með lággildi um 1,5 m³/s. (14. mynd). Í lok ágúst tók rennslið að aukast á nýjan leik og náði hámarki 21. september með 279 m³/s (14. mynd).

Umræður

Laxveiði í Norðurá í Borgarfirði árið 2019 var sú minnsta sem skráð hefur verið í ánni, einungis 577 fiskar, en meðalveiði í Norðurá á árabilinu 1984 – 2018 var 1.771 lax (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2019). Í bráðabirgðatölum Hafrannsóknastofnunar um veiði á villtum laxi á Íslandi árið 2019 var áætlað að heildarstangveiðin hafi orðið um 20.000 laxar (Hafrannsóknastofnun, 2019). Þetta er minnsta stangveiði villtra laxa frá upphafi veiðiskráninga í rafrænan gagnagrunn (1974). Ganga laxa um teljarann í Glanna var sú minnsta frá því talningar hófust árið 2002 og hefur ganga smálaxa aldrei verið minni, eða um fjórðungur af meðaltali (2.066) tímabilsins 2002 – 2019. Fjöldi stórlaxa var hinsvegar rétt undir meðalgöngu (226). Fjöldi silunga var um þrefalt meiri en í meðalgöngu (207 fiskar) á umræddu tímabili, sá mesti frá upphafi talninga. Miðað við skráningar í veiðiskýrslur er líklegt að urriði sé uppistaðan í silungagöngunni en ekki er hægt að greina á milli tegunda með núverandi teljara. Eins og komið hefur fram er oft um skörun að ræða á lengdardreifingu urriða og smálax þegar stuðst er við teljaragögn úr hefðbundnum Árvaka teljara með skuggamyndum. Í hvert sinn sem gögnin eru greind þarf að taka ákvörðun um hvar skuli draga lengdarmörk á milli tegundanna. Þar af leiðandi er alltaf um mat að ræða og því ekki nákvæmt mat á fjölda smálaxa/silunga í göngunni. Nú eru fáanlegir myndavélateljarar en með slíkum búnaði væri hægt að greina á milli tegunda (lax/silungur) auk þess sem hægt væri að greina silungagönguna enn frekar, hvort um urriða/bleikju og sjógenginn/staðbundinn væri að ræða.

Veiðihlutfall ofan Glanna í Norðurá er um 32% að meðaltali (2002 - 2019) en sýnt hefur verið fram á að algengt veiðihlutfall í íslenskum ám er um 50% á smálaxi og um 70% á stórlaxi (Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson, 2008). Þetta lága veiðihlutfall ofan Glanna hefur verið skýrt með því hversu víðfeðmt vatnasvæðið er og margar hliðarár, sem jafnframt eru friðaðar fyrir veiði, sem laxinn getur leitað upp í (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2019). Veiðihlutfallið í Norðurá árið 2019 var nokkuð nálægt meðaltali, þó ívið lægra hjá smálaxinum en örlítið hærra hjá stórlaxinum. Þekkt er að veiðihlutfallið hækkar þegar göngur eru litlar en lækkar hinsvegar með auknum göngum, þar sem veiðihlutfallið er háð fjölda laxa sem er undir veiðiálagi hverju sinni (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson, 2008).

Hrygninarstofn Norðurár í hrognum talið haustið 2019 var í samræmi við litla laxgengd og samkvæmt útreikningum var hrygningin ofan Glanna um 1,9 milljónir hroga. Þetta hrognamagn er um helmingur af langtímameðaltali (2011 – 2019) og jafnframt minnsta hrognamagn á tímabilinu. Hrognafjöldinn leggur sig út á 1,1 hrogn á hvern m² af botnfleti árinna. Vægi stórlaxahroga af heildarhrognafjöldanum var 65,3%, það hæsta á umræddu tímabili. Frá árinu 1999 hefur færost í vöxt að veiða og sleppa í Norðurá eins og í flestum öðrum íslenskum ám. Stórlaxi hafði almennt fækkað í ám hérlandis frá því um miðjan níunda áratuginn. Tveggja ára lax úr sjó er mjög mikilvægur fyrir hrygninguna og til að viðhalda breytileika stofnanna í ánum og í byrjun þessarar aldar sendi Veiðimálastofnun út tilmæli til veiðimanna um sleppingar stórlaxa til varðveislu á erfðabreytileika og eflingar á laxahrygningu. Í Norðurá hefur hlutdeild veiða/sleppa jafnt og þétt aukist og nú árið 2019 var rétt tæplega helmingi allrar laxveiði sleppt, þar af um 83% stórlaxa. Þessar breytingar á veiðistjórnun hafa reynst mjög farsælar fyrir laxastofninn. Tveggja ára laxi úr sjó hefur fjölgað undanfarin ár í ánni og er að stærstum hluta sleppt. Þessi þróun hefur eflt hrygningarstofninn og endurspeglast m.a. í hárrí hlutdeild stórlaxahroga af heildarhrognafjölda í ánni, einkum þegar smálaxagöngur eru litlar. Sleppingar, bæði á smálaxi og stórlaxi í veiðinni, eru þannig gríðarlega mikilvægar þegar göngur eru litlar eins og sýndi sig árið 2019. Viðmiðunarmörk hrygningar hafa ekki verið reiknuð fyrir laxastofn Norðurár, en í hliðaránni Gljúfurá, hafa slík mörk verið sett við 3,5 hrogn/m² (Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson, 2017). Þrátt fyrir sleppingarnar var hrygninarstofn árinna lítill og því benda líkur til að klakárgangur 2020 geti orðið slakur, en þessa árgangs mun gæta mest í laxveiðinni í Norðurá árin 2024 og 2025. Mikilvægt er að fylgjast vel með styrkleika þessa árgangs í seiðamælingum næstu árin.

Mikil þurrkatíð einkenndi veðurfar á Suður- og Vesturlandi sumarið 2019 (Veðurstofa Íslands, 2020). Maí og júní voru mjög þurrir, sólríkir og hlýjir og í Stykkishólmi mældist til að mynda engin úrkoma frá 21. maí – 26. júní (Veðurstofa Íslands, á.á.(b;c)). Lítill snjóforði var í fjöllum

til að vega upp á móti úrkomuleysinu. Júlí var einnig hlýr en þrátt fyrir að úrkoma og sólskinsstundir hafi verið í meðallagi (Veðurstofa Íslands, á.á.(d)) hafði sú úrkoma ekki áhrif til neinnar rennslisaukningar að ráði í Norðurá (Veðurstofa Íslands, 2020). Í ágúst var lofthiti undir meðaltali síðustu 10 ára og þurrt var að mestu stærstan hluta mánaðarins (Veðurstofa Íslands, á.á.(e)). September var óvenju hlýr og votviðrasamur og á allmörgum stöðum var úrkoman sú mesta sem mælst hefur á Vesturlandi, til að mynda í Hjarðarfelli á Snæfellsnesi og í Hítardal á Mýrum (Veðurstofa Íslands, á.á.(f)).

